
Fjárhagsáætlun 2027

Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri

10. nóvember 2026




Góð þjónusta og lágar álögur

Traustur rekstur í krefjandi umhverfi

Lækkandi fasteignagjöld

2,5% gjaldskrárhækkanir


Forgangsraðað til grunnþjónustu



„Ábyrg fjármálastjórn snýst um að fara vel með fé íbúa og forgangsraða í þeirra þágu “


Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar 2027

Kópavogsbúar verða 41.037 á árinu 2027




Útsvarsprósentan helst óbreytt

- Útsvarsprósentan í Kópavogi verður óbreytt árið 2027 eða 14,93%.
- Við áætlun útsvarstekna er tekið mið af þróun launa, íbúafjölgun, atvinnuleysi og væntanlegum tekjum.
- Gert er ráð fyrir að íbúum fjölgi um 1,5% á næsta ári, atvinnuleysi lækki lítillega og verði um 5%.
- Samkvæmt þessum forsendum er áætlað að útsvarstekjur nemi 41,9 milljörðum króna árið 2027, sem jafngildir 1,4% raunhækkun frá fyrra ári.




Áfram lágir skattar á íbúa

Fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði




Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði




Fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði 2026

- þús.kr á meðalíbúðareign í hverju sveitarfélagi, án lóðarleigu




Raunlækkun fasteignagjalda í Kópavogi

- breyting á fasteignagjöldum frá 2021



Kópavogur markaði 2,5% línuna - þjóðarsátt










Helstu málaflokkar Kópavogsbæjar





Áherslur til málaflokka á árinu 2027






Þróun helstu málaflokka 2022-2027



Viðbótarframlög árin 2022-2027 til málaflokka
- milljónir króna, breyting á föstu verðlagi og hlutfallsleg breyting



Fjárfest í innviðum framtíðar
28 milljarða fjárfesting árin 2027-2030



Grunnskólar

Nýr Ísaksskóli
Stækkun og viðhald grunnskóla

11 milljarða króna árin 2027-2030



Leikskólar

Nýir leikskólar: Naustavör og Skólatröð
Stækkun og viðhald leikskóla

1,9 milljarða króna árin 2027-2030



Íþróttamannvirki

Sundlaugar, GKG, Sprettur, keppnisvöllur HK

3 milljarða króna árin 2027-2030



Ný og eldri hverfi

Samgöngumannvirki, Vatnsendahvarf, Glaðheimar, endurnýjun lagna og gatna

9 milljarða króna árin 2027-2030




Bókasöfn

Nýtt bókasafn í Smáralind og efri byggðum Kópavogs

550 milljónir króna árin 2027-2030

Áfram er byggt upp viðhaldssjóð


- Viðhaldssjóður verður 1,4 milljarðar króna árið 2027.
- Sjóðnum er ætlað að standa undir fyrirbyggjandi viðhaldi fasteigna og mannvirkja bæjarins, meðal annars til að koma í veg fyrir myglu og aðrar skemmdir.
- Áætlað er að auka framlag í viðhaldssjóð um 75 milljónir króna.
- Áframhaldandi uppbygging sjóðsins er mikilvæg til að tryggja gott viðhald og vernda verðmæti þeirra mannvirkja sem bærinn hefur byggt upp og heldur áfram að byggja.



Forgangsröðun og hagræðing

- Viðbótarfjármagn fyrir árið 2027 nemur 260 milljónir króna, en hluti þess tengist auknum kostnaði við grunnþjónustu á sviði velferðarmála sem þegar hefur fallið til.
- Á móti er gert ráð fyrir 325 milljónir króna hagræðingu í rekstri á árinu 2027.
- Hagræðingartillögur eru enn í vinnslu og verða kynntar fyrir síðari umræðu í bæjarstjórn.
- Að teknu tilliti til fyrirhugaðrar hagræðingar eru nettó viðbætur því neikvæðar árið 2027.

Viðbætur og hagræðingar á árinu (m.kr.)



Þrjú átaksverkefni sem draga úr kostnaði



1. Draga úr veikindafjarvistum
2. Endurskoða ráðningar í stjórnsýslu
3. Hagkvæmari innkaup

1. Markvissar aðgerðir til að lækka veikindafjarvistir

- aðgerðir boðaðar til að bregðast við endurteknum skammtímaveikindum

- Veikindakostnaður Kópavogsbæjar er umtalsverður og mikilvægt að grípa til markvissra aðgerða til að draga úr honum.
- Átaksverkefni sem miða að því að fækka skammtímafjarvistum vegna veikinda hafa skilað árangri og mikilvægt er að festa þau í sessi.
- Gripið verður til frekari aðgerða til að bregðast betur við endurteknum skammtímaveikindum, meðal annars með hertum reglum um læknisvottorð.
- Áætlað er að leggja 300 milljónir króna í veikindasjóð til að mæta væntum kostnaði vegna langtímaveikinda í leik- og grunnskólum

1,9 milljarða króna

Veikindakostnaður 2025

2. Ráðninganefnd í stjórnsýslu Kópavogsbæjar

- Stafræn þróun og nýting gervigreindar í störfum miðlægrar stjórnsýslu verður efld enn frekar til að auka skilvirkni og bæta nýtingu mannauðs.
- Fyrirkomulag ráðninga í miðlægri stjórnsýslu verður endurskoðað með það að markmiði að tryggja aukið aðhald og samræmda ákvarðanatöku.
- Komið verður á fót ráðninganefnd skipaðri bæjarstjóra, mannauðsstjóra og fjármálastjóra.



3. Áhersla á hagkvæmari innkaup

- samstarf um vefverslun hjá sveitarfélögum

Árleg matvælainnkaup bæjarins
1 milljarður króna

- Lögð verður áhersla á aukið gagnsæi, aðhald og skilvirkni í innkaupum bæjarins.
- Í samstarfi við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu verður unnið að þróun sameiginlegrar vefverslunar.
- Með þessu skapast mikil tækifæri til að auka hagkvæmni og ná fram betri kjörum við kaup á vörum og þjónustu.





„Við fjárfestum í menntun barna og eflum þjónustu við fjölskyldur og eldri bæjarbúa“

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar 2027

Þjónusta við íbúa í forgang



1. Velferð íbúa í fyrirrúmi
2. Menntun í fyrsta sæti
3. Menning og lýðheilsa

Menntun í fyrsta sæti



Fjölga kennurum

- með námsstuðningi



Frístund efld

- áhersla á lestur og heimanám



Spjaldtölvukennsla

- meta árangur og endurskoða



Fjölbreytt rekstrarform

- í leik- og grunnskóla



Heimgreiðslur

- Heimgeiðslualdur lækkar í 14 mánaða



Systkinaaflsáttur

- í frístund hækkar



Skýrari námsárangur

- samræma námsmatskvarða, skýrari yfirsýn



Stuðningur í skóla

- Endurskoða stuðning í skóla til að mæta nemendum

Grunnþjónustan sett í forgang

Velferð allra í fyrirrúmi

- Stafrænar lausnir í velferðartækni til að mæta betur þjónustu við íbúa.
- Skammtímadvöl fyrir fötluð börn.
- Búsetukjarni í Vatnsendahvarfi
- Styrkja ráðgjafateymi fullorðinna
- Húsnæðiskostir vinnu og virkni fyrir fatlað fólk verður endurskoðað
- Undirbúningur sameiginlegs vistheimilis Barnaverndar í samstarfi við Hafnarfjörð
- Helgaropnun í félagsmiðstöðvum eldra fólks verður fest í sessi
- Áhersla á að samþætta betur heimastuðning og heimahjúkrun



Menning, lýðheilsa og skilvirk þjónusta



Menning og lýðheilsa

- Lengri helgaropnun í Salalaug og miðnæturopnanir í Kópavogslaug
- Frístundastyrkur hækkaður
- Bóka- og menningarsafn opnar í Smárlindinni í sumar
- Undirbúningur hefst við bókasafn í efri byggðum
- Líkamsræktaraðstaða í Kórnum
- Gervigras við Fagralund
- Nýr keppnisvöllur í Kórnum
- Heildarsýn íþróttasvæði í Smáranum
- Uppbygging hjá GKG og Spretti
- Lifandi miðbæjarkjarnar og yndishöfn á Kársnesi
- Bæjarhátíð í Kópavogi
- Skilvirkari þjónusta með stafrænu vinnuafli og sjálfvirknivæðingu
- Ný heimasíða Kópavogsbæjar með áherslu á að bæta þjónustu og upplýsingamiðlun til íbúa



„Við tryggjum að vöxtur bæjarins fari saman við traustan rekstur og góða þjónustu“

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar 2027

Ábyrgur rekstur og lækkandi skuldir

335 m.kr.
Jákvæð rekstrarniðurstaða (án sölu byggingarréttar)

5.378 m.kr.
Veltufé frá rekstri

6.391 m.kr.
Fjárfest í innviðum

96% / 78%
Skuldahlutfall / skuldaviðmið


51%
Kostnaðarhlutfall starfsmanna

8%
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af rekstrartekjum

Um 9,8%
Framlegð

2,15
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af afborgunum lána

Afkoman jákvæð í krefjandi umhverfi



Fjármálareglur uppfylltar

Sveitarfélög þurfa að uppfylla tvær fjármálareglur samkvæmt sveitarstjórnarlögum

Jafnvægisregla:

- Samanlögð afkoma þriggja ára skal vera jákvæð.
- Vegna Covid var heimild veitt til að víkja frá 3ja ára reglunni á árunum 2020-2025. Jafnvægisreglan tók gildi aftur á árinu 2026.


Skuldaregla:

- Skuldaviðmið samstæðu skal ekki vera hærri en 150% af reglulegum tekjum

Jafnvægisregla: uppsöfnuð afkoma




Skuldaregla: skuldaviðmið Kópavogs




Laun hækka en stöðugildum fækkar

Laun og tengd gjöld sem hlutfall af tekjum

- % A-hluti



Stöðugildi á hvern 1.000 íbúa



Stöðugildi á 1.000 íbúa 2021-2025

- Árbók sveitarfélaga



66,7
Reykjavík 2025, hæst

50,6
Kópavogur 2025

47,2
Garðabær 2025, lægst

Stöðugildi á 1.000 íbúa, án skóla- og velferðarmála

-undanskilin störf í skólum og velferðarþjónustu, áætlað út frá Árbók sveitarfélaga



17,3
Reykjavík 2025, hæst


13,6
Mosfellsbær 2025, meðal

9,9
Kópavogur 2025, lægst

Traustur rekstur

- Veltufé frá rekstri er einn mikilvægasti mælikvarði á fjárhagsstöðu sveitarfélaga og endurspeglar getu þeirra til að standa undir afborgunum lána og fjárfestingum.
- Kópavogsbær hefur aðgang að 5,3 milljarða króna lánalínum hjá bönkum sem tryggja nægilegt lausafé til að mæta sveiflum í útgjöldum.
- Veltufé frá rekstri stendur undir afborgunum lána og greiðslugeta bæjarins er því sterk.


Greiðslugeta: Veltufé frá rekstri og afborganir
- makr. A - hluti



Veltufé frá rekstri er lykilmælikvarði

- stöðugur og sjálfbær rekstur

Höfuðborgarsvæðið: Veltufé frá rekstri sem hlutfall af rekstrartekjum (%)




6,3%
Meðaltal 2026

8%
Kópavogur 2027


Veltufé frá rekstri er lykilmælikvarði

- Kópavogsbær þekur hreina fjárfestingu og afborganir með veltufé

Veltufé frá rekstri sem % af tekjum
- ársreikningur 2025




Þekja = Veltufé frá rekstri /(hrein fjárfesting + afborganir)




Heilbrigð skuldaþróun — lækkandi skuldir

Heildarskuldir Kópavogsbæjar
- Í m.kr. á verðlagi ársins 2026, samstæðan



Heildarskuldir Kópavogsbæjar á hvern íbúa
- Í þús.kr. á verðlagi ársins 2027, samstæðan




Skuldaþróun síðasta áratug

- Lækkandi skuldir hjá Kópavogsbæ

Þróun á heildarskuldum á föstu verðlagi

- Vísitala = 100 árið 2015, A hluti sveitarfélaga




+80%
Meðaltal, 2015 - 2025

-6,6%
Kópavogur, 2015 - 2025

Lækkandi fjármagnskostnaður

Þróun fjármagnskostnaðar
- samstæðan, nettó fjármagnskostnaður í þús.kr. á verðlagi ársins 2026





„Markmiðið er að byggja upp öflugt sveitarfélag þar sem metnaðarfull uppbygging, öflug þjónusta og ábyrg fjármálastjórn fara saman. Við ætlum ekki að láta annað koma niður á hinu, “

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar 2027

Ábyrgur rekstur, öflug þjónusta og lágar álögur



Ábyrgur rekstur

- Hagræðing í rekstri mætir nýjum útgjöldum sem falla utan grunnþjónustu
- Sterk staða veltufjár frá rekstri tryggir að reksturinn stendur undir afborgunum lána
- Áfram er fjárfest í innviðum til framtíðar og uppbyggingu nýrra hverfa
- Þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir tekjum af lóðaúthlutunum er rekstrarniðurstaðan jákvæð og skuldir lækka að raunvirði
- Skuldaviðmið eru vel undir lögbundnum mörkum
- Fjármálareglur eru uppfylltar



Öflug þjónusta

- Fjármunum bæjarins er fyrst og fremst varið til grunnþjónustu, en um 80% aukinna útgjalda renna til skóla- og velferðarmála.
- Nýtt bókasafn verður opnað í Smáralind og undirbúningur hefst að uppbyggingu bókasafns í Kórnum.
- Opnunartími sundlauga um helgar verður lengdur og reglulega boðið upp á miðnætursund.
- Frístundastyrkur verður hækkaður og heimgreiðslur ná til yngri barna.



Lágar álögur

- Kópavogur reið á vaðið meðal sveitarfélaga með því að takmarka gjaldskrárhækkanir við 2,5% árið 2026 og sambærileg skref verða stigin árið 2027.
- Fasteignagjöld lækka að raunvirði, bæði hjá heimilum og fyrirtækjum.
- Áfram verður unnið að hagræðingu í rekstri og ávinningi af sterkri rekstrarstöðu skilað til bæjarbúa í formi bættrar þjónustu og lægri skatta.



Kópavogur